

## 1119. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. október 2014, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var Ása Karín Hólm ráðgjafi hjá Capacent.

Áður en að formleg fundardagskrá hófst afhenti Ólafía Björk þeim Ólafi Reimari og Svanhildi Ólöfu afmælisgjafir frá félaginu í tilefni stórafmæla þeirra nú nýlega. Þeim til heiðurs var sunginn afmælisöngur og hrópað ferfalt húrra.

Einnig áður en að fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarins fyrir því að breyta röð áður auglýstrar dagskrár þannig að dagskrárliður nr. 3. yrði nr. 2, liður nr. 4 yrði nr. 3 og að liður nr. 2 yrði nr. 4. Samþykkt.

### Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1118. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**  
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1118. fundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.  
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.
- 2. Niðurstöður VR dagsins – Ása Karín Hólm ráðgjafi Capacent**  
Gestur fundarins, Ása Karín Hólm frá Capacent, fór nú yfir helstu niðurstöður VR dagsins sem var undirbúningsfundur þingfulltrúa VR á komandi ASÍ þing í lok mánaðar. Þetta var þéttskipaður dagur sem tókst mjög vel. Tilgangurinn var sá að undirbúa þingfulltrúa VR þannig að þeir myndu verða samstíga og með sameiginlegar áherslur í málefnum þeim sem unnið verður með á þinginu. Stjórnarmenn voru borðstjórar og voru svo allar hugmyndir skráðar niður af borðunum. Þær áherslur sem fulltrúar settu í forgang eru kjarninn úr þeim hugmyndum öllum og hægt er að rekja allar hugmyndir til þeirra miða sem skrifaðir voru upp á VR deginum.

Þá fór Ása Karín næst yfir niðurstöður fundarins varðandi megináherslur en þær skiptust í eftirfarandi fjóra flokka:

- a. Kaup og kjör
- b. Velferð
- c. Skipulagður vinnumarkaður
- d. Stefna varðandi starfskjör stjórnenda í fyrirtækjum

Umræður.

Að loknum góðum umræðum vék Ása Karín svo af fundi og henni þakkað með lófataki.

### 3. VR skóli lífsins

Ólafía Björk sagði frá upphafi þessa verkefnis en fyrsti hópurinn útskrifaðist í gærkvöldi. Það voru 26 ungmenni á aldrinum 16 – 20 ára og í kvöld útskrifast seinni hópurinn sem eru 33 ungmenni á aldrinum 20 – 24 ára. Arna Steinsen starfsmaður Dale Carnegie á Íslandi stýrir staðlotunni og óhætt að segja að nemendur séu mjög jákvæðir og ánægðir.

Mikill áhugi er á þessu nýja námi hjá VR og hafa m.a. framhaldsskólar margir óskað eftir að fá þetta efni inn til sín í samvinnu við VR. Einnig komu margir á kynningu okkar á skólanum í Kringlubíó en færri komust sem vildu og því verður önnur slík kynning haldin hjá Samtökum atvinnulífsins í næstu viku. Ólafía Björk sagði frá því að hún hefði verið í útvarpsviðtali vegna þessa í gær og að blaðagrein birtist frá henni vegna skólans. Auglýsingar eru á fullu og fara brátt að sjást einnig í bíóhúsum og á strætisvagnaskýlum á höfðuborgarsvæðinu.

Þá næst voru fundarmönnum sýnd öll myndbönd VR skóla lífsins.

Umræður.

### 4. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk sagði frá því að hún hefði ákveðið að fresta því að svara áður fram kominni fyrirspurn stjórnarmanns um útreikninga vegna krónutöluhækkunar í kjarasamningi þar sem viðkomandi stjórnarmaður væri ekki mættur á fundinn. Verður því svarað síðar.

Kjaranefnd hefur nú fundað tvisvar til að undirbúa rýnihópa og fjarumræðuborð. Einnig sé verið að vinna spurningar uppúr VR deginum og loks mun svo kjaranefnd meta framkomið efni og stilla upp spurningum. Þetta mun þá koma í stað hefðbundinnar könnunar um hvaða leið félagsmenn vilja fara í komandi kjarasamningum.

Ólafía Björk sagði svo frá því að hún og Guðbrandur formaður LÍV hafi átt fund með SA og síðan hafi stóra samninganefndin fundað í dag einnig með SA. Við viljum fá leiðréttingu inn í okkar samning til þess að lægja öldurnar og koma þeir væntanlega með kröfur á móti eigi það að takast. Langtímamarkmiðið er að allir standi saman svo einstaka félög geti ekki skyndilega dregið sig út úr samstarfinu. En það gerist varla á næstu 5 – 6 mánuðum. Launaliðurinn verður ekki tekinn fyrir fyrr en í janúar 2015.

Umræður.

## 5. Upplýsingastefna VR

Stefán lagði fram skjalið „*Upplýsingastefna VR – ytri*“ og fór yfir efni þess á glæru. Stefnan sjálf er stutturðuð en henni fylgja svo margir ítarlegir verkferlar sem byggja á stefnunni.

Megin markmið stefnunnar er að tryggja rétta, tímanlega og markvissa upplýsingagjöf til félagsmanna um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum sem og upplýsingar um stöðu þeirra og réttindi hjá félaginu. Síðan er fjallað um umfang, ábyrgð og eftirfylgni og loks aðgengi að upplýsingum og meðferð þeirra.

Í máli Stefáns kom einnig fram að við gerum „PR-plan“ 2 mánuði fram í tímann og markaðsáætlun til 12 mánaða.

Stjórn kynni sér þessa stefnu vel fyrir næsta fund og þá verður hún borin upp til samþykktar.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:40  
Árni Leósson fundarritari